

VIÐBÓTARVERKSAMNINGUR

Hafnarfjarðarhöfn – Háibakki Dýpkun

Hafnarfjarðarhöfn kt. 590169-5529, hér eftir nefndur verkkaupi, og Hagtak hf., Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði kt. 460391-2109, hér eftir nefndur verktaki, gera með sér eftirfarandi samning.

1. gr.

Verktaki tekur að sér vinnu við að dýpka höfnina í samræmi við teikningu Strendings ehf. nr. 204 - Dýpkunarplan, dags. 16.05.2018, þar sem fram kemur dýpkunarsvæðið sem og áætlað magn. Losun efnis skal vera fyrir utan Norðurbakkann í Hafnarfirði, í samráði við verkkaupa.

2. gr.

Eftirtalin gögn skulu teljast hluti af samningi þessum:

1. Teikning af dýpkunarplani dags. 16.05.2018, gerð af Strendingi ehf.
2. Útboðs- og verklýsing Háibakki dags. febrúar 2018.
3. ÍST 30.

3. gr.

Fyrir framangreint verk greiðir verkkaupi verktaka samtals kr. 11.750.000 án vsk. (ellefumilljónirsjöhundruðogfimmtíuþúsundkrónur).

Árið 2010 var búið að semja við verktaka um einingarverð í losun, gröft og brottflutning á klöpp. Upphaflegt einingaverð var 8600 kr/m². Hér er samningsupphæð uppfærð m.v. byggingarvísitölu frá desember 2010 (100,8 stig) til maí 2018 (137,4 stig). sem sundurliðast á eftirfarandi hátt.

- a) Losun, gröftur og brottflutningur á klöpp 1.000 m² x 11.700 kr/m² 11.750.000 kr.

Verkinu skal að fullu lokið þann 1. október 2018.

4. gr.

Greiðslur verkkaupa til verktaka miðast við undirkafla I.14 í útboðs- og verklýsingu.

5. gr.

Rísi ágreiningur á milli aðila út af samningi þessum skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

6. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Hafnarfjörður _____ 2018

f.h. verkkaupa

f.h. verktaka

Vitundarvottar:
